

FUNDARGERÐ

550. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 15. september 2016 kl. 15:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og óskaði eftir að eftirtöldum atriðum yrði bætt á dagskrána:

- Samstarf um skipulags- og byggingarfulltrúa, verður liður III - 8 á dagskránni.
- Kosning varamanns af B- lista í skipulagsnefnd í stað Arnar Sigurðssonar verður liður II – 8 á dagskránni.
- Viðbótarupplýsingar vegna raðhúsa við Austurveg 29 – 35 verða liðir III-6b og III-6c á dagskránni

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

Dagskrá

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð fjallskilanefndar vestari frá 29. ágúst 2016

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2. Fundargerð 243. fundar skipulagsnefndar frá 12. september 2016

1. Austurhluti Víkurþorps- yfirferð yfir athugasemdir Skipulagsstofnunar.

Farið var yfir athugasemdir Skipulagsstofnunar við deiliskipulag austurhluta Víkurþorps Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2. Sunnubraut 33 – 35, beiðni um breytta notkun lóðar

Páll Tómasson sækir um heimild til að byggja parhús á lóðunum Sunnubraut 33 – 35 Sveitarstjórn samþykkir framkomna beiðni.

3. Tjaldsvæði innan sveitarfélagsins – umræður.

Farið var yfir umsögn Skipulagsstofnunar um tillögu að tjaldsvæði við Mánabraut 36, en stofnunin telur tillöguna ekki samræmast aðalskipulagi varðandi landnotkun á óbyggðu svæði og legu þjóðvegur 1. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. Þórisholt – beiðni um breytta landnotkun

Óskað er heimildar til breyttrar landnotkunar á 5 ha landbúnaðarlandi í verslunar- og þjónustusvæði. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

3. Fundargerð 224. fundar fræðslunefndar frá 13. september 2016

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Erindi frá Valgeiri Kristinssyni hrl. varðandi lóðina Austurvegur 16. Þráinn Sigurðsson lýsir sig vanhæfan og vikur af fundi.

1a. Svar Mýrdalshrepps við erindi Valgeirs Kristinssonar

Á fundi sveitarstjórnar 16. júní var sveitarstjóra falið að ganga formlega frá uppsögn sveitarfélagsins á leigulóðunum Austurvegi 16 og 16a, sem var gert. Með bréfi frá lögmanni

Lóðarhafa Austurvegar 16a var uppsögninni mótmælt á þeirri forsendu að ekki hefði verið veittur andmælaréttur áður en tekin var ákvörðun um uppsögn lóðarinnar. Með bréfi lögmanns Mýrdalshrepps var orðið við þeirri athugasemd, uppsögn lóðarinnar því dregin til baka og lóðarhafa veittur frestur til 8. september til að koma athugasemdum sínum á framfæri, en jafnframt tilkynnt að sveitarfélagið hefði áfram til skoðunar að taka umrædda lóð í sínar hendur. Engin svör hafa borist við bréfi lögmanns sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir því að fela sveitarstjóra að segja á ný upp leigulóðinni Austurvegur 16a.

Með vísan í bréf lögmanns lóðarhafa þar sem fram kemur að til standi að hefja á ný útgerð hjólabáta frá Vík, fagnar sveitarstjórn því og lýsir sig reiðubúna til að finna þeirri starfsemi annan hentugan stað innan sveitarfélagsins, ef til þess kemur.
PS mætir aftur til fundarins.

2. Erindi frá Olíuverslun Íslands varðandi lóð fyrir starfsemi félagsins

2a. Tölvupóstsamskipti í kjölfar fundar og erindis frá Olís

Sveitarstjórn samþykkir að úthluta Olíuverslun Íslands lóðinni Austurvegur 16 skv. gildandi skipulagi. Forsendur úthlutunarinnar eru að Olíuverslun Íslands samþykki að afskrifa lóðina sem félagið keypti af fyrri eigendum Víkurjarða 1971 og sú lóð verði á ný sameinuð landi sveitarfélagsins.

3. Áhrif nýrrar húsnæðislöggjafar gagnvart sveitarfélögum

Lagt fram til upplýsinga.

4. Umsókn um endurnýjun rekstrarleyfis í flokki I frá Jakobínu Ragnarsdóttur í Görðum

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.

5. Umsókn um endurnýjun rekstrarleyfis í flokki I frá Jóni B. Tómassyni vegna Norður- Hvamms

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins þegar gengið hefur verið frá lögheimilisflutningi.

6. Atlas kortasjá fyrir Suðurland Vík

6a. Atlas kortasjá fyrir Suðurland Vík - tilbið frá Loftmyndum

Sveitarstjóri lagði fram og gerði grein fyrir erindi sem vegna verkefnisins Atlas kortasjá fyrir Suðurland, en verkefnið er unnið á vegum SASS og er eitt af áhersluatriðum í Sóknaráætlun Suðurlands. Forsenda þess að sveitarfélagið geti tekið þátt í verkefninu er að vera með samning um kortasjá við Loftmyndir, en skv. tilboði frá Loftmyndum er kostnaðurinn 35 þúsund á mánuði fyrir utan vsk sem ætti að fást endurgreiddur.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu og felur sveitarstjóra að ganga frá nauðsynlegum samningum þar um.

7. Minningarreitur um Guðrúnu og Vatna- Brand

Fram var lagt erindi frá ættingjum hjónanna Brands Jóns Stefánssonar og Guðrúnar Jóhannesdóttur sem hér bjuggu. Óskað er eftir samstarfi við sveitarstjórn um að komið verði upp minningarreit þeim til heiður þar sem getið yrði um margvíslegt frumkvöðlastarf þeirra hjóna hér í Vík.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið og felur sveitarstjóra ræða við umsækjendur um hentuga staðsetningu og hafa milligöngu um framgang þessa máls.

8. Alþingiskosningar 2016 – utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Lagt fram til kynningar

III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

1. Minnisblað sveitarstjóra eftir fund með Steinunni Þórarinsdóttur o.f.l
Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi sem hann átti með Steinunni Þórarinsdóttur, Jóni Ársæli Þórðarsyni og tónlistarmönnum frá Hull þeim Simon Desbruislais trompetleikara og Deborah Pritchard tónskáldi, um hugmynd að tónsmíð og tónleikum í Vík og Hull tengt listaverkinu För næsta sumar þar sem Hull verður menningarborg Evrópu 2017.
Sveitarstjórn tók vel í að aðstoða við að þessi listviðburður gæti orðið að veruleika og felur sveitarstjóra að koma þeim skilaboðum til hlutaðeigandi.
2. **Kosning þriðja fulltrúa Mýrdalshrepps á ársfund SASS**
Þar sem íbúafjöldi í Mýrdalshreppi 1. janúar 2016 var 525 á Mýrdalshreppur nú 3 fulltrúa á ársfund SASS.
Samþykkt að Þráinn Sigurðsson taki þetta þriðja sæti á fundinum.
Varamaður verður Þorgerður Hlín Gísladóttir.
3. **Nýtt bókhaldskerfi fyrir sveitarfélagið**
Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi bókhaldskerfi sveitarfélagsins og fór yfir tilboð frá Wise ehf. um að þjónusta sveitarfélagið á þessu sviði.
Sveitarstjórn samþykkir að taka þessu tilboði og felur sveitarstjóra að ganga frá samningum þar að lútandi.
4. **Álagning gjalda fyrir árið 2017**
Fram var lögð tillaga að álagningu gjalda á árinu 2017

Útsvarshlutfall: Útsvarshlutfall verður óbreytt á árinu 2017, 14.52%

Fasteignaskattur: Er álagður samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum.

- a) Allt að 0,5% af fasteignamati: Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
- b) 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum: Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.
- c) Allt að 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum: Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu..

Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningu í a) og c) lið um allt að 25%.

Ellí- og örorkulífeyrisþegum, er búa í eigin húsnæði, er veittur afsláttur af fasteignaskatti samkvæmt sérstakri reglugerð er sveitarstjórn hefur samþykkt. Eigendur húsa þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf, geta sótt um styrki til sveitarstjórnar til greiðslu fasteignaskatts. Sveitarstjórn hefur sett reglur um veitingu slíkra styrkja.

Sveitarstjórn samþykkir að álögð fasteignagjöld í Mýrdalshreppi 2017 verði með eftirfarandi hætti.

Fasteignaskattur:	A-flokkur	0,53 % af fasteignamati húss og lóðar
	B-flokkur	1,32 % af fasteignamati húss og lóðar
	C-flokkur	1,65 % af fasteignamati húss og lóðar

Sveitarstjórn samþykkir álagningu eftirfarandi gjalda sem innheimt verða með fasteignaskatti.

Holræsagjald: er 0,20 % af fasteignamati húss og lóðar

Rotþróargjald: er kr. 7.765.- og 9.995.- fyrir þær sem eru stærri en 6.000 lítrar

Lóðarleiga: er 1,5 % af lóðarmati lóðar

Vatnsgjald: er 0,15 % af fasteignamati húss og lóðar

Í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar verður innheimtur fasteignaskattur skv. C lið af öllu húsnæði sem nýtt er í tengslum við ferðapjónustu, en tekið tillit til nýrra laga um heimagistingu verði sýnt fram á að húsnæðið sé ekki leigt nema í 90 daga á ári eða tekjur af útleigu fari ekki yfir 2 milljónir.

SORPGJÖLD	Sorphreinsun og förgun	Gámavöllur og endurvinnsla	SAMTALS
Íbúðir	Kr.	Kr.	Kr.
Íbúðarhús	19.340	20.110	39.450
Sumarhús	9.665	10.055	19.720
Fyrirtæki			
Flokkur 0		22.840	22.840
Flokkur 1	22.840	22.840	45.680
Flokkur 2	74.845	45.670	120.515
Flokkur 3	149.690	60.375	210.065
Flokkur 4	224.540	62.830	287.370
Flokkur 5	299.385	68.510	367.895

Þá samþykkir sveitarstjórn eftirfarandi:

- Leikskólagjöld og tónskólagjöld hækka um 2,5% milli ára og það sama á við um gjald fyrir dægradvöl og gjöld fyrir hádegismat og morgunhressingu í skólunum.
- Gjaldskrá fyrir hunda- og kattaleyfi hækkar um 2,5% frá álagningu síðasta árs og verður því 8.200 á hvert dýr.

Meirihluti sveitarstjórna samþykkir framlagða álagningu gjalda 2017. Eva Dögg Þorsteinsdóttir óskar bókað: Ég er mótfallin hækkun leikskólagjalda en samþykki álagninguna að öðru leyti.

5. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvar

Fram var lögð meðf. tillaga að gjaldskrá fyrir íþróttamiðstöðina sem taka mun gildi frá og með næstu áramótum.

Íþróttamiðstöðin í Vík	Sundlaug/ íþróttahús Vík	
	Gjaldskrá	Hópar
Sundlaugar		
Fullorðnir	600	17-66
Börn/ungmennir og eldri borgarar	300	6-16 ára-eldri/öryrkj
10 tíma kort fullorðnir	4.000	17-66
10 tíma barnakort	2.500	6-16 ára
30 tíma kort fullorðnir	9.000	17-66
30 tíma barna	5.000	6-16 ára
30 tíma eldri/öryrkj	5.000	eldri/öryrkj
Árskort fullorðna	20.000	
Árskort barna	12.000	6-16/eldri öryrkj
Árskort/hjóna-para	35.000	
Fritt fyrir börn	fritt fyrir börn m/ lögheimili Mýrdalshr	
Fritt fyrir	fritt fyrir eldri/öryrkja Mýrdalshreppi	
Leiga handklæði	500	
Leiga sundföt	500	
Íþróttasalur/þrek		
Stakur tími	1.500	
1 mánuður	6.000	
3 mán	10.000	
6 mán	20.000	
Árskort	30.000	
Árskort para/hjóna	45.000	
67+ og öryrkjar Ársk	15.000	

Sveitarstjórn samþykkir að vísa framlagðri gjaldskrá til umsagnar í íþrótt- og tómstundanevnd.

6. Umsókn um lóð fyrir leiguíbúðir

6a. Raðhús - leiguíbúðir við Austurvegur 29-35

6b. Tilboð í efni í tvö raðhús - leiguíbúðir við Austurvegur 29-35 frá Límtré- Vírneti ehf.

6c. Raðhús - leiguíbúðir við Austurvegur 29-35 grunnmyndir.

Sveitarstjóri fór yfir og lagði fram umsókn um lóð undir 4 leiguíbúðir á vegum sveitarfélagsins. Þá var einnig lagt fram tilboð frá Límtré Vírneti um efni í húsin. Inni því tilboði er hönnun húsanna að öðru leyti en hönnun lagna og undirstöðu. Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi byggingar þessara íbúða. Unnið er að umsókn um stofnframlög vegna bygginga íbúðanna til íbúðalánasjóðs í samræmi við samþykkt á síðasta fund sveitarstjórnar. Reynt verður að hraða byggingu húsanna eins og kostur er.

Sveitarstjórn samþykkir að úthluta lóðunum Austurvegur 29 – 31 og 33 – 35 undir byggingu tveggja raðhúsa.

Sveitarstjórn samþykkir að taka framlögðu tilboði frá Límtré-Vírneti um efni í húsin.

Sveitarstjóra veitt heimild til gerðar nauðsynlegra samninga og innkaupa vegna framangreindra bygginga.

7. Samkomulag um gerð rammamnings vegna hjúkrunarheimila

Sveitarstjórn fagnar því að þetta mál sé að komast á skrið og vonar að samkomulag náist um að hækka framlagið til minnstu heimilanna, sem er forsenda fyrir því að þau getir sinnt sínu hlutverki í fámennari byggðum landsins.

8. Samstarf um skipulags- og byggingarfulltrúa

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað um verulega aukningu á starfi skipulags- og byggingarfulltrúa í sveitarfélaginu og óskaði eftir heimild til að auka starfshlutfall hans.

Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra heimild til að vinna áfram að lausn málsins.

9. Kosning varamanns af B- lista í skipulagsnefnd í stað Arnar Sigurðssonar

Þorgerður Hlín Gísladóttir var kjörin varamaður í Skipulagsnefnd í stað Arnar Sigurðssonar sem er fluttur úr sveitarfélaginu.

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. Fundargerð 20. fundar stjórnar Bergrisans bs. þjónustuvæðis um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi frá 24. ágúst 2016

Lagt fram til kynningar

2. Fundargerð 174. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 19. ágúst 2016

Lagt fram til kynningar

3. Fundargerð 36. fundar Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 29. ágúst 2016

Lagt fram til kynningar

4. Fundargerð 511. fundar stjórnar SASS frá 2., september 2016

Lagt fram til kynningar

V. Kynningarefni.

1. Gefnir hafa verið út bæklingar með upplýsingum fyrir nýbúa frá Félagsþjónustunni

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.45.

Elín Einarsdóttir oddviti

Ingi Már Björnsson

Þráinn Sigurðsson

E. Tryggvi Ástþórsson

Eva Dögg Þorsteinsdóttir